

Ferðamálaþing 2015: Stefnumótun svæða – Stjórnun og skipulag
Akureyri 28. október 2015

Ferðapjónusta og skipulag

PÉTUR INGI HARALDSSON – SKIPULAGSFULLTRÚI

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR, BLÁSKÓGABYGGÐ, HRUNAMANNAHREPPUR, SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR, FLÓAHREPPUR OG ÁSAHREPPUR

Efnistöð erindis

- Byggðasamlag um skipulags- og byggingarfulltrúa
- Svæðið sem byggðasamlagið nær yfir
- Rammi skipulagsákvæðana
- Uppbygging ferðapjónustu undanfarin ár
- Álitamál og afleidd verkefni
- Uppbygging ferðamannastaða

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Sameiginlegt embætti skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir 6 sveitarfélög

- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Bláskógabyggð
- Hrunamannahreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Flóahreppur
- Ásahreppur

Svæðið í stuttu máli.....

- Í grunninn dreifbýlt landbúnaðarsamfélag með nokkrum litlum þéttbýliskjörnum
- Íbúafjöldi rétt rúmlega 1% af heildar íbúafjölda Íslands
- Nær yfir um 10,7 % af flatarmáli landsins
- Með rúmlega 40% af sumarhúsum landsins
- Um 42% af raforkuframleiðslu landsins

Svæðið í stuttu máli.... frh

- Umfangsmikil landbúnaðarframleiðsla (mjólk, kjöt, garðyrkja)
- Gullni hringurinn (Þingvellir, Gullfoss, Geysir) og Þjórsárdalur
- Kjölur, Kerlingarfjöll, Þjórsárver, Langjökull


... og sívaxandi þjónusta í kringum ferðamenn...

Skipulagsramminn


Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, landslag, náttúruvá o.fl. Í samræmi við markmið laga þessara.

Stefna um landnotkun



V1a Borg. Nýtt svæði í þéttbýlinu á Borg, við Biskupstungnabraut, fyrir verslun og þjónustu. Svæðið er um 4,5 ha að stærð og er ætlað undir verslun, bensínafgreiðslu og aðra þjónustu við ferðamenn og vegfarendur. Ekki eru skráðar menningarminjar á svæðinu.²² Umrætt svæði er ræktað eða framræst land. Breytingin er ekki talin hafa veruleg umhverfisáhrif (sjá töflu 5). Við gerð deiliskipulags þarf að




Stefna um landnotkun frh.

Ferðapjónusta tengist stefnumörkun margra landnotkunarflokka

- Verslun- og þjónusta (hótel, veitingahús og önnur þjónusta)
- Miðsvæði (ýmiss verslunar og þjónustustarfsemi, stjórnsýsla o.fl.)
- Landbúnaðarsvæði (ferðapjónusta bænda)

- ...íbúðarsvæði
- ...sumarhúsasvæði

Fjölgun ferðamanna



Heimild: Útlendingaæftirlitið: komur farþega til landsins 1949-2000.

Ferðamálastofa: brottfarir farþega frá landinu 2001-2013.

Uppbygging í ferðapjónustu


- Gullni hringurinn lang vinsælasta ferðaleiðin
 - 72% af erlendum sumarferðamönnum og 61% af vetrarferðamönnum.
- Öðrum áfangastöðum hefur fjölgað í takt við aukinn fjölda ferðamanna
- Mikið um dagsferðir og töluverð fjárfesting í uppbyggingu innviða
 - T.d. Þingvellir, Geysir, Fontana, Gamla-Laugin, Friðheimar o.s.frv.
- Ekki hefur verið byggt mikið af nýjum mannvirkjum sem bjóða gistingu fyrir ferðamenn undanfarin ár
 - Svæðið í samkeppni við höfuðborgarsvæðið um gistingu (dagsferðir)

Uppbygging undanfarin ár

.....en

- Ekki margar nýjar byggingar enn sem komið er, en samt hefur orðið mikil aukning á gistirými á svæðinu.
 - Hús byggð sem íbúðarhús, sumarhús, skólar o.s.frv. hafa fengið nýtt hlutverk sem gistihús
 - www.bungalo.is
 - www.airbnb.is

Ferðapjónusta í sumar- og íbúðarhúsum



Skynsemi kerfisins

Dæmi (raunverulegt).

- Aðili kaupir 370 fm íbúðarhús á tveimur hæðum og óskar eftir heimild til að breyta því í gisthús með 8 herbergjum fyrir 16 gesti.
 - Svarið: Nei, þar sem svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í aðal- og deiliskipulagi
- Sami aðili sækir um heimild til að breyta sama húsi á eftirfarandi hátt
 - Útbúin eru 8 herbergi með sér klósetti + lítil íbúðareining. *Ekkert sem bannar það.*
 - Sótt verður um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu fyrir allt að 16 gesti í 8 herbergjum. *Ekkert sem bannar það.*

= Fyrri umsóknin ekki í samræmi við skipulag en sú seinni er það, þó svo að starfsemin sé í raun sú sama. Eina kvöðin er að eigandinn þarf að eiga heima í húsinu + viðbótarskilyrði frá okkur um að koma þurfi fyrir auka bílastæðum inn á lóðinni.

Álitamál

- Uppbygging ferðapjónustu á landbúnaðarsvæðum
 - Hversu mikil uppbygging er heimil án þess að breyta landnotkun í svæði fyrir verslun- og þjónustu?
 - Er ferðapjónusta eingöngu heimil sem aukabúgrein? Skiptir það máli?
 - Er hentugt að byggja ferðapjónustu á öllum bæjartorfum? Hvað með bæjartorfur þar sem er margbýlt og rekin er umfangsmikil landbúnaðarstarfsemi?
- Er mikil uppbygging ferðapjónustu í sumar- og íbúðarhúsahverfum æskileg?
 - Samræmi við skipulag?
 - Er verið að breyta eðli hverfa á neikvæðan/jákvæðan hátt?
- Snýst allt um ferðamanninn og hans þarfir? Fáum við hvergi að vera í friði?
- Uppbygging á hálendinu – mikil/meðal/lítill/engin

Afleidd verkefni sveitarfélaga

- Uppbygging í ferðapjónustu felur í sér fjölgun starfa
- Ferðapjónustutímabilið er að lengast en er þó enn sveiflukennt
- Mikil þörf fyrir tímabundið starfsfólk sem þarf að búa einhversstaðar... en hvar?
- Töluverður skortur á húsnæði fyrir starfsfólk á svæðinu
- Húsnæðisþörfin ekki sú sama og fyrir „venjulega“ íbúa

Uppbygging ferðamannastaða

- Opinberir aðilar þurfa líka leyfi þó svo að verkefnið sé nauðsynlegt og gott.
- Mikilvægt að huga að forsendum og ferli leyfisveitinga strax í upphafi.
- Ekki líta á skipulagsferlið sem kvöð.
- Góður undirbúningur er nauðsynlegur, en ekki eyða öllu í undirbúninginn.
- Hvenær er þörf á deiliskipulagi og hvenær ekki? Fær almenningur að hafa skoðun á því hvernig staðið er að uppbyggingu ferðamannastaða?
- Eitt er að byggja upp, annað er að halda við.